



Fundargerð aðalfundar Ljósmeðrafélags Íslands 20. apríl 2013

94. aðalfundur LMFÍ haldinn í fundarsal BHM að Borgartúni 6 og sóttu hann samkvæmt skráningu í gestabók 59 félagsmenn LMFÍ. Fundurinn hófst kl. 15:00 og lauk kl. 18:00.

1. Setning fundar og kosning embættismanna fundarins

Formaður félagsins, Esther Ósk Ármannsdóttir setur fundinn og bauð fundarmenn velkomna. Hún leggur til að embættismenn fundarins verði Guðlaug Einarsdóttir fundarstjóri og fundarritarar verði Jóhanna Skúladóttir og Steina Þórey Ragnarsdóttir. Samþykkt án athugasemda.

Guðlaug Einarsdóttir tekur við fundarstjórn. Samkvæmt fundarsköpum á að lesa fundargerð síðasta aðalfundar.

Í lögum félagsins stendur að fundargerð teljist samþykkt eftir að hafa verið 2 vikur á vefsvæði félagsins. Ekki þótti ástæða til að lesa fundargerð síðasta aðalfundar og er hún samþykkt án athugasemda.

Fundarstjóri upplýsti að eftir að fundarboð með dagskrá fundarins var sent út hafa borist tvö framboð til formanns. Stjórn félagsins sé með tillögu um framkvæmd formannskosninga eins og kynnt hefur verið. Formanni félagsins gefið orðið.

Esther les upp tillögu stjórnar um að aðalfundur samþykki framkvæmd formannskosninganna. Skriflegt kjör á aðalfundi og í fjarfundi á Akureyri og Neskaupsstað. Máli sínu til stuðnings hafi framkvæmdin verið kynnt. Hún sendi í tölvupósti til félagsmanna samkvæmt netfangalista félagsins, ásamt því að vera kynnt á vefsíðu félagsins og ljósmeðraspjallsíðu sem er á félagsvefnum Facebook. Ákvörðun um staðsetningu fjarfunda byggist á fjölda ljósmeðra á viðkomandi stöðum og fjarlægðar frá Reykjavík og að staðirnir séu miðsvæðis.

Fundarstjóri spyr hvort aðalfundur sé sáttur við framkvæmd eins og hún liggur fyrir. Samþykkt var án mótaskvæða að kosning formanns yrði á þennan hátt.

2. Skýrsla stjórnar

Formaður félagsins Esther Ósk Ármannsdóttir flytur skýrslu stjórnar LMFÍ um störf stjórnar frá síðasta aðalfundi. Stjórnin hélt 22 stjórnarfundi, þar af 3 vinnufundir til að



LJÓSMÆÐRAFÉLAG ÍSLANDS

(The Icelandic Midwives' Association)

Stofnað árið 1919

Ljúka við gerð handbókar kringum starfsemi Ljósmeðrafélags Íslands.

Annað sem stjórnin hefur verið að vinna að er:

- a. Félagið hefur staðið í málaferlum fyrir hönd tveggja ljósmeðra og voru málin tekin fyrir í héraðsdómi Reykjavíkur 10. október 2012.
- b. Töluverðar breytingar urðu á rekstri heimasíðu Ljósmeðrafélagsins.
- c. Söguleg gögn félagsins komið í varðveislu þar á meðal fundargerð stofnfundar félagsins sem fór á Þjóðskjalasafn Íslands.
- d. Félagið fékk arf og unnið hefur verið að undirbúning sjóðs til minningar um gefanda, Jóhönnu Hrafnfjörð ljósmóður.
- e. Ný reglugerð ljósmeðra fylgdi á eftir nýjum lögum um heilbrigðisstarfsmenn sem tóku gildi 1. janúar 2013.
- f. Samstarf við NJF.
- g. Kjaramál. Gildandi kjarasamningu ljósmeðra er til 31. Janúar 2014 eins og hjá öðrum innan BHM. Vinna við endurskoðun á stofnanasamningum ljósmeðra hefur hafist á mörgum vinnustöðum ljósmeðra og heldur áfram.
- h. Haldnir hafa verið undirbúningsfundir um stofnun fagdeildar í mæðravernd.
- i. Nýr starfsmaður ráðinn á skrifstofu félagsins með viðveru einn dag í viku.

Skýrsluna má lesa í heild sinni í fylgiskjali 1, bls. 3 Skýrsla stjórnar Ljósmeðrafélags Íslands.

Í lokin þakkaði Esther stjórnarkonum fyrir mikla og góða samvinnu á starfsárinu. Það hafi verið henni lærdómsríkt að kynnast þessu starfsumhverfi sem formaður stéttar- og fagfélags ljósmeðra sem sé í samvinnu við heildarsamtök eins og BHM.

Í lokin óskaði hún nýjum formanni velfarnaðar í starfi.

Fundarmenn þökkðu með lófataki.

3. Handbók félagsins kynnt

Formaður félagsins Esther Ósk Ármannsdóttir sagði frá aðdraganda og vinnu við gerð handbókar félagsins. Vinnan hófs 2009 með stofnun vinnuhópa til að skoða innviði félagsins. Hóparnir voru fjórir: Lagahópur, faghópur, kjarahópur og hópur til að skoða innviði félagsins. Handbókin í heild sinni verður birt á vef félagsins eftir helgina. Hún verður í áframhaldandi þróun, lifandi plagg. Formaður fer yfir efnisyfirlit bókarinnar ásamt því að sýna starfreglur um varaformann, vefstjóra og um sjóði félagsins.

Að lokinni kynningu er boðið upp á fyrirspurnir.

Berglind Hálfhánsdóttir spyr hvort fagdeildir félagsins ættu ekki að vera inni? Esther er sammála því og einnig samskipti við BHM og fleiri stofnanir.

Fyrirspurnir eru ekki fleiri og tók fundarstjóri við og kynnti næsta dagskrárlið.



LJÓSMÆÐRAFÉLAG ÍSLANDS

(The Icelandic Midwives' Association)

Stofnað árið 1919

4. Reikningar félagsins lagðir fram til samþykktar

Gjaldkeri félagsins Inga Sigríður Árnadóttir tekur til máls og vísar í að ársreikningar félagsins sé aftarlega í fundargögnum. Fundarmenn tjá sig um að letur sé smátt í fundargögnum. Einnig kom fram að fjöldi eintaka af fundargögnum voru ekki nægjanleg. Inga Sigríður bendir á að gögnin hafi verið birt á vef félagsins með löglegum hætti. Fram kom að ársreikningur í fundargögnum væri ekki sá sami og birt var á vefsíðu fálagsins þar sem í ljós hafi komið innsláttarvilla.

Fram kom í kynningunni að ástæða fyrir tapi félagsins væru að allir reikningar félagsins eru inni á ársreikningi því þeir væru allir á kennitölu félagsins. Úr Brekkusjóði er búið að taka tæpa 1.000.000 kr. vegna kostnaðar við málaferli þar sem staðið hefur verið við bakið á tveimur félagsmönnum. Vonandi fengist eitthvað af þessu endurgreitt ef félagið vinnur málaferlin. Fram kom að Brekkusjóður hefði ekki aðrar tekjur en vexti en hann var stofnaður með afgangsfé eftir sölu á sumarbústað félagsins við inngöngu í BHM.

Rekstrartekjur (félagsgjöld, fagfélagsgjöld, tekur af blaðaútgáfu og aðrar tekjur) félagsins árið 2012 eru 21.988.916 kr. á móti 20.172.692 kr. á árinu á undan.

Rekstrargjöld ársins eru neikvæð 3.016.712 kr. á móti -2.813.974 kr. árið 2011.

Félagslegur kostnaður jókst úr 10.248.291 kr. 2011 í 11.578.218 kr.. Þar inni er kostnaður við málaferli.

Skrifstofu- og stjórnarkostnaður fór úr 2.893.183 kr. árið 2011 í 2.183.183 kr. 2012.

Húsnæðiskostnaður fór úr 890.567 kr. í 949.897 kr. árið 2012.

Afskriftir voru þær sömu bæði árin eða 225.136 kr..

Fram kom hjá Ingu Sigríði að greiddir hafa verið reikningar árið 2012 sem hefðu öllu jöfnu átti að greiða 2011 (Fylgiskjal 2).

Að lokinni kynningu gjaldkera félagsins var opnað fyrir fyrirspurnir

Fyrirspurn 1.

Kristbjörg Magnúsdóttir gerir athugasemd við tap félagsins og hefur áhyggjur af því að lenda í því sama á næsta ári. Hún spyr hvernig standi miðað við 2011.

Skýring: Leggja eigi áherslu á að standa á núlli. Um 1.000.000 kr. er kostnaður vegna málaferla og tekið úr Brekkusjóði sem er sjóður með engar tekjur. Verður að einhverju leiti endurgreitt ef félagið vinnur máli.

Setja þarf inn í bókhaldskerfið skuldunaut fyrir hver ár þannig að árið sé gert upp.

Afskrifað hafi verið um 260.000 kr. sem væri gamalt og ekki vitað hvers vegna

(*Innskot frá fundarritara: Nánari útskýring kemur fram í fyrirspurn 3).

Fyrirspurn 2.

Ástþóra Kristinsdóttir spyr um sjóði félagsins.



LJÓSMÆÐRAFÉLAG ÍSLANDS

(The Icelandic Midwives' Association)

Stofnað árið 1919

Skýring: Þórdísarsjóður er kjarabaráttasjóður og hefur fasta innkomu sem 3% af félagsgjöldum ásamt vextir. Í Rannsóknar og þróunarsjóð fer 9% af innkomu félagsins. Samtals fara 12% af tekjum félagsins í þessa tvo sjóði.

Ástþóra lýsir áhyggjum sínum af innkomu félagsins um 17 miljónir en gjöld yfir 20 miljónum.

Gjaldkeri vekur athygli á nýjum sjóði innan BHM sem félagsmenn hafi aðgang að.

Fyrirspurn 3.

Anna Sigríður Vernharðsdóttir þakkar góða kynningu og að allt sé komið á einn stað, hið besta mál. Lýsir áhyggjum af tapi félagsins sem sé 1.8 miljónir.

Skýring: Einn fjórði úr miljón kemur inn sem tap, það sem þarf að skuldfæra. Um er að ræða skekkju í bókhaldinu frá 2007 og einhver ár fyrir 2007.

Bókfæra þurfi tekjur á því ári sem þær koma og gjöld á þeim árum sem til þeirra var stofnað. Það taki 2-3 ár að leiðrétta sig. *Við innheimtu á félagsgjöldum hafi m.a. komið í ljós að félagaskrá sé ekki rétt og einstaklingar sem ekki eru ljósmæður hafi fengið greiðsluseðla. Mikilvægt sé að félagaskrá sé rétt og í dag við kjörstaðinn í Reykjavík sé nafnalisti og fundamenn beðnir að yfirfara sínar upplýsingar. Jafnframt kemur til með að það verði hringt í félagsmenn. Áður voru reikningar handskrifaðir og ekki færðir til bókar fyrir en þeir voru greiddir. Nú verða búnir til skuldunautur um leið og reikningur er gerður. Allt bókhald í tölvubókhaldskerfi og mun skrifstofumaður sjá um að stofna skuldunaut.

Fyrirspurn 4.

Hildur Kristjánsdóttir vekur athygli að ekki sé greitt fyrir aðild að NJF. Hún telur Fylgjuna dýra og spyr hvort setja meggi hana á netið.

Skýring: Stjórn félagsins hefur óskað eftir því við ritnefnd að Fylgjan verði endurskoðuð m.t.t. að draga úr kostnaði. Hún segir að verið sé að athuga með sparnað á útgáfu Fylgjunnar og að hafa jafnvel fræðihlutann á ljósmæðra-appi og á netinu. Hugsað var að félagsmenn geti pantað Fylgjuna með fræðslunni og borgi fyrir það eða að gefa Fylgjuna með fræðslunni út á 3.ára fresti

Fyrirspurnir til gjaldkera voru ekki fleiri og fundarstjóri tekur við. Hann bendir á að skoðunarmenn félagsins hafi farið yfir ársreikninginn.

Fundarstjóri ber ársreikning upp til samþykktar og var hann samþykktur með öllum greiddum atkvæðum.

5. Fjárhagsáætlun næsta árs kynnt

Gjaldkeri félagsins kynnti fjárhagsáætlun næsta árs um leið og hún fór yfir ársreikning félagsins. Þar kemur samanburður á áætlun 2012 og hvernig var í raun. Með frávik í krónum og prósentum. Áætlun fyrir 2013 byggist á þeim tölum. Innkoma er áætluð 21.056.631 kr. og útgjöld 21.051.154 kr..



LJÓSMÆÐRAFÉLAG ÍSLANDS

(The Icelandic Midwives' Association)

Stofnað árið 1919

Fundarstjóri ber fjárhagsáætlunina upp til samþykktar og er hún samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

6. Tillaga um breytingu á fagfélagsgjöldum til LMFÍ

Fundarstjóri les upp tillögu stjórnar Ljósmeðrafélags Íslands um breytingu á fagfélagsgjöldum: að fagfélagsgjöld hjá Ljósmeðrafélagi Íslands hækki frá því að vera 6.500 kr. á ári í 8.500 kr. árlega. Fagfélagsgjöldin hafa ekki hækkað lengi en hækkun t.d. prentkostnaðar við prentun á Ljósmeðrablaðinu sem og Fylgjunni hefur vaxið undanfarin ár sem og annar rekstrarkostnaður félagsins. Sjá nánar í ársskýrslu.

Fundarstjóri óskar eftir fyrirspurnum frá fundarmönnum.

Fyrirspurn 1.

Kristbjörg Magnúsdóttir spyr hversu margir eru fagfélagar?

Formaður félagsins áætlar að þeir séu um 60-80. Verið er að fara yfir fagfélagsskrána.

Þar eru inni einstaklingar sem ekki eru ljósmeður. Einungis ljósmeður geti verið félagsmenn. Kjarafélagar eru í dag 258.

Inga Sigríður Árnadóttir segir lækkun á á fagfélagsgjöldum tengjast fækkunar á þeim.

Fyrirspurn 2.

Hilda Kristjánsdóttir spyr um % á félagsgjöldum og hvað greiða ellilífeyrisþegar.

Esther upplýsir að félagsgjöld kjarafélaga er 1.75% af grunnlaunum. Ellilífeyrisþegar eru undarþegnir félagsgjöldum. Umræða komin í gang að gera einhverjar breytingar þar um t.d. ætla Ljósurnar að hjálpa til og borga eitthvað.

Ekki urðu fleiri umræður um þessa tillögu stjórnar og var hún samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

7. Skýrslur nefnda / deilda

Fundarstjóri ber upp þá tillögu hvort skýrslur nefnda / deilda sem birst hafa á heimasíðu félagsins sé næg kynning eða hvort eðlilegt sé að þær verði lesnar upp. Skýrslur bárust frá fræðslu- og endurmenntunarnefnd, kjaranefnd, ritnefnd, sjóðanefnd, Ljósunum, fagdeildar um heimaþjónustu og norðurlandsdeild (Sjá viðauka 1, bls. 8 - 16).

Fundarmenn samþykktu með öllum greiddum atkvæðum að kynning á nefndum og deildum á síðu félagsins væri nægjanleg

Fundarstjóri óskar eftir umræðu um skýrslur nefnda og deilda.

Fyrirspurn 1.

Ástþóra Kristinsdóttir óskar eftir umræðu um fræðslufundi félagsins. Það sé léleg aðsókn að þeim.



LJÓSMÆÐRAFÉLAG ÍSLANDS

(The Icelandic Midwives' Association)

Stofnað árið 1919

Hanna Rut Jónasdóttir segir mætingu ekki góða sem sé synd þar sem undirbúningsvinna er mikil. Erum að fresta fræðsludögum um næstu helgi. Umrætt efni hafi verið það sem ljósmæður óskuðu eftir þegar þær svöruðu skoðunarkönnun um fræðslu.

Hildur Kristjánsdóttir gerir athugasemdir við dagsetning fræðsludagana, þeir eru á kosningahelgi og þar af hálfur laugardagur. Ekki góð tímasetning. Hanna Rut segir fundinum hafi verið frestað vegna aðalfundur sem átti að vera í mars. Höfðu ekki áttáð sig á að þessi dagsetning væri sama helgi og alþingiskosningar.

Steina Þórey Ragnarsdóttir finnst stutt síðan svipað efni var eða u.þ.b. 3 ár. Fram kom að ekki væri um sama efni að ræða

Engir kostnaður v. fræðslukvölda og á fjárhagsáætlun er gert ráð fyrir kostnað við veitingar á fræðslufundum.

Kristbjörg Magnúsdóttir vakti athygli á að á vegum „doulu“ væri að koma þekktur og virtur fyrirlesari Sheila Kitzinger og komin væri umræða í gang um annan þekktan fyrirlesara. Er það vilji ljósmæðra að aðrir sinni þessum þætti? Einnig nefnir hún að ekki tókst að vera með Hypnobirth námskeið vegna dræmrar þátttöku.

Helga Gottfreðsdóttir veltir fyrir sér fræðslu á vegum félagsins. Mikið framboð fyrir þennan hóp. Leggur til samvinnu við námsbrautina um að vera með einhverja ráðstefnu annað hvert ár.

Esther Ósk Ármannsdóttir upplýsir að stjórn félagsins hafi komið þeirri tillögu áleiðis til fræðslunefndar að hafa fasta fræðsludaga á ári hverju. Þannig gætu ljósmæður gengið að því vísu..

8. Tillaga sjóðanefndar um nýja stofnskrá og úthlutunarreglur nýs sjóðs, Minningarsjóðs Jóhönnu Hrafnfjörð

Esther Ósk Ármannsdóttir hefur framsögu með tillögu sjóðanefndar og kynnir aðdraganda þess að Jóhanna sem var barnslaus ljósmóðir arfleiddi félaginu að íbúð sinni. Á sjóður þessi að vera til að styrkja ljósmæður til náms o.f.l. Esther þurfti að tala við ættingja Jóhönnu til þess að vita nákvæmlega hvað hún hefði viljað. Hún upplýsir að Erna Guðmundsdóttir lögfræðingur BHM hafi farið yfir stofnskrána og úthlutanareglurnar og komið með ábendingar. Það gerði einnig Birna Gerður Jónsdóttir ljósmóðir.

Fundarstjóri tekur við og les skipulagsskrána (Sjá fylgiskjal 1, bls. 17 - 18).

Síðan er opnað fyrir umræður



LJÓSMÆÐRAFÉLAG ÍSLANDS

(The Icelandic Midwives' Association)

Stofnað árið 1919

Anna Sigríður Vernharðsdóttir kemur með ábendingar um innsláttarvillur Ljósmaðrafélag Íslands

Ástþóra Kristinsdóttir spyr út í 3 grein. Stofnfé óskert hvernig er þá staðið að úthlutun. Gjaldkeri félagsins Inga Sigríður Árnadóttir upplýsir að einungis vextir séu til ráðstöfunar fyrir styrki.

Að umræðum loknum var skipulagsskráin borin upp til atkvæðagreiðslu. Samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

Næst les fundarstjóri les upp úthlutunar og starfsreglur þessa nýja sjóðs (Sjá fylgiskjal 1, bls. 19). Að lestri loknum er boðið upp á umræður.

Berglind Hálfhánsdóttir gerir athugasemdir miðað við innan árs frá því að styrkurinn var veittur.

Hildur Kristjánsdóttir óskar eftir skýringu er varðar orðalagið „ekki möguleika að fá úr öðrum sjóðum“

Esther Ósk Ármannsdóttir upplýsir að reglur margra sjóða voru skoðaðar. Viðkomandi hefur ár til að vitja um styrkinn. Almanaksár er e.t.v. villandi, þarf að skoða betur. Allar ljósmaður hafa rétt að sækja um. Þurfa að vera búnar að fullnýta rétt sinn í aðra sjóði. Allar skuldlausir félagar í LMFÍ hafi aðild.

Ástþóra Kristinsdóttir spyr hvort sjóðurinn sé einungis fyrir ljósmaður. Esther ítrekar að hann sé einungis fyrir félagsmenn í Ljósmaðrafélagi Íslands sem eru allar ljósmaður.

Signý Dóra Harðardóttir spyr hversu lengi þarf maður að vera í félaginu og Esther svarar að það sé engin tímamörk.

Anna Sigríður Vernharðsdóttir bendir á að hafi styrkur hefur ekki verið leystur út 2. nóv. eftir úthlutun þá nær styrkvilyrðið ekki ári.

Inga Sigríður Árnadóttir gjaldkeri segir nauðsynlegt að vita hvað er til ráðstöfunar áður en næsta úthlutun sé ákveðin, 29. nóv.

Berglind Hálfhánsdóttir ber á að um sé að ræða tæplega hálfur mánuður.

Þarna þurfi orðalagsbreytingu sem sé rædd.

Valgerður Lísu Sigurðardóttir spyr hvort hafi komið til álita að hafa hámarksupphæð.

Esther segir það hafi verið rétt. Upphæð fer eftir fjölda styrkja og fjölda umsókna.

Á ári nema vaxtatekjur líklega um 6-700.000 kr.

Borið upp til samþykka með tillögu um eftirfarandi breytingu á liðnum greiðslu styrkja:

Styrkur er að jafnaði greiddur innan árs frá þeim degi sem sótt er um styrkinn.

Sé styrks ekki vitjað fyrir 1. nóvember á árinu eftir úthlutun, lítur sjóðanefnd svo á að styrkvilyrðið falli niður.



Úthlutunar og starfsreglur Minningarsjóðs Jóhönnu F. Hraunfjörð voru samþykktar með öllum greiddum atkvæðum.

9. Kynning á formannsefnum

Í framboði til formanns Ljósmeðrafélags Íslands hafa tvær ljósmeður gefið kost á sér: Áslaug Valsdóttir og Hrefna Einarsdóttir. Þær hafa verið kynntar á heimasíðu félagsins og á Ljósmeðraspjalli sem er á samskiptavefnum Facebook. Þær hafa gefið leyfi til að í fundargerð fari framtíðarsýn þeirra.

Framtíðarsýn Áslaugar Valsdóttir:

Hún segist vera stolt af því að tilheyra elstu stétt landsins og að ljósmeður hafi mikið vald án þess að gera sér grein fyrir því og séum í góðri stöðu til þess að hafa áhrif á konur í barneignafærlinu. Hún hefur áhyggjur af þeirri þróun sem sé að verða á landinu. Hættan er á að engin ljósmóðir verði til staðar í mörgum landshlutum.

Framtíðarsýn mín er einföld en allt eru þetta mál sem sífellt þarf að vinna í.

Ég er stolt af því að tilheyra elstu stétt landsins.

Ég vil sjá meira sjálfstæði ljósmæðra og hugsanlega meiri sérhæfingu til að þær geti víkkað út sitt svið, að þær geti til að mynda sent inn krabbameinssýni undir sínu nafni en þurfi ekki að nota læknanúmer einhvers læknis og að það sé jafnsjálfsagt að panta tíma hjá ljósmóður á heilsugæslustöð í lykkjuuppsetningu, sýnatöku, getnaðarvarnaráðgjöf og því sem viðkemur kvennaheilsu eins og hjá lækni,

Ég vil sjá að það séu ljósmæður ráðnar alls staðar þar sem konur á barneignaaldri sækja þjónustu

Ég sé fyrir mér öflugt samstarf við fagfélög í nágrennalöndum og ég vil auðvitað að allar ljósmæður geti séð fyrir sér og sínum á dagvinnulaunum.

Einnig þarf að íhuga hvernig félagið tekur á þeim erfiðu málum sem upp kunna að koma í starfi ljósmæðra. Að það sé staðið við bak þeirra sem lenda í erfiðleikum á faglegan hátt í stað þess að finna sökudólg.

Samfélagsbreyting undanfarinna ára hefur einnig breytt vinnu ljósmæðra talsvert.

Innflytjendum hefur stórlega fjölgað og með þeim kemur bæði önnur menning og tungumál. Einnig má nefna aðrar samfélagsbreytingar svo sem: Félagsleg vandamál, offitu, þunglyndi, kvíða og önnur geðræn vandamál – allt er þetta orðið partur af daglegri vinnu ljósmæðra. Það þarf því að huga að því að styrkja þær faglega til að takast betur á við þessi mál.

Framtíðarsýn Hrefnu Einarsdóttur:

Hún segir að hún hafi litið á sig sem málsvara ljósmæðra og segir að miklar breytingar séu á fæðingarstöðum sem séu fækkandi um allt land. Hún segir að nú í kosningum séu ný tækifæri sem gefa tilefni til bjartsýni.

Að fá trausta framtíðarsýn á störf okkar og þjónustu.

Að tryggja réttindi okkar og starfsöryggi.

Að finna leiðir til að auka starfssvið ljósmæðra og draga úr atvinnuleysi.



LJÓSMÆÐRAFÉLAG ÍSLANDS

(The Icelandic Midwives' Association)

Stofnað árið 1919

Að tryggja að ljósmæður komi að grunnþjónustu heilbrigðiskerfisins í öllum landshlutum þar sem hún fer fram.
Að halda reglulega „brainstorming“ fundi þar sem ljósmæður taka púlsinn á stöðinni-rödd ljósmóður.
Að sett verðu upp teymi til að vinna með áfallastreytu ljósmæðra sem lenda í áföllum í starfi.
Að breyta lögum um kosningar innan félagsins, aðlaga þær að nútímanum og gera þær rafrænar svo allar ljósmæður geti nýtt atkvæðarétt sinn.
Að endurskoða réttindi fagfélaga og réttindi eftir eftirlaunaaldur.
Að stuðla að því að ljósmæður verði sýnilegar í þjóðfélaginu og taki meiri þátt í umræðum sem tengjast starfssviði ljósmæðra.

Fram kom að það sé í þriðja sinn í sögu félagsins að fleiri en einn er í framboði til embættis formanns Ljósmeðrafélags Íslands.

Að lokinni kynningu frambjóðenda ver gert 20 mínútna hlé á fundinum til að fundarmenn gætu kosið og fengið sér smá hressingu.

10. Stjórnar og nefndakosningar

Fundarstjóri upplýsir að Ásta Hlín Ólafsdóttir hafi beðið um orðið áður en gengið yrði til kosninga og var það samþykkt.

Fundarstjóri gefur Ástu Hlín Ólafsdóttur orðið. Hún kallar upp Jóhönnu Skúladóttur og þakkar henni fyrir hönd stjórnar fyrir vel unnin störf og færir henni um leið blómvönd. Hún kallar líka Esther Ósk Ármannsdóttur upp og þakkar henni einnig vel unnin störf í formannsembættinu síðustu tvö árin og færir henni gjöf og blómvönd. Esther fær orðið og þakkar fyrir sig og þakkar stjórninni gott samstarf.

Síðan tekur fundarstjóri við og vísar til tillögu uppstillinganefndar til aðalfundar LMFÍ í aðalfundargögnum. Þar koma fram þeir einstaklingar sem boðið hafa sig fram í laus sæti í nefndum og ráðum félagsins. Nöfn þeirra sem eru að láta af störfum kemur ekki fram. Eftirtaldir ljósmæður voru kosnar með lófaklappi. Engin mótframboð.

Í stjórn LMFÍ:

Ásta Hlín Ólafsdóttir ritari

Steina Þórey Ragnarsdóttir vararitari

Í kjaranefnd:

Harpa Ósk Valgeirsdóttir

Ritnefnd:

Edda Sveinsdóttir



LJÓSMÆÐRAFÉLAG ÍSLANDS

(The Icelandic Midwives' Association)

Stofnað árið 1919

Fræðslunefnd:

Elín Arna Gunnarsdóttir
Hallfríður Kristín Jónsdóttir

Kjörnefnd:

Birna Ólafsdóttir
Hilda Friðfinnsdóttir

Skoðunarmenn:

Margrét Guðmundsdóttir

Fundarstjóri telur upp þá einstaklinga sem láta af störfum fyrir félagið:

Úr stjórn: Esther Ósk Ármannsdóttir og Jóhanna Skúladóttir

Úr kjaranefnd: Ragnheiður Bachmann

Úr ritnefnd: Stefanía Guðmundsdóttir

Úr fræðslunefnd: Sveinbjörg Brynjólfsdóttir og Brynja Pála Helgadóttir.

Úr kjörnefnd: Hallfríður Kristín Jónsdóttir og Margrét Guðmundsdóttir

Skoðunarmaður: Hilda Friðfinnsdóttir

11. Önnur mál

1. Hildur Kristjánsdóttir biður um orðið. Sem forseti NJF óskar hún nýjum formanni til hamingju með kjörið og þakkar Estheri fyrir gott samstarf. Hún segir mörg spennandi verkefni framundan. Svíar séu að skoða gagngerar breytingar á ljósmóðurnáminu, verður spennandi að fylgjast með því. Hún minnir á NJF ráðstefnuna í Ósló 13.-15. júní þar sem verður metnaðarfull dagskrá. Ráðstefnan er góður vettvangur til að hitta kollega frá Norðurlöndunum. LMFÍ verður 100 ára 2019 og gert er ráð fyrir að Norðurlanda ráðstefnan verði haldin hér á landi það árið. Þarf að skipa undirbúningsnefnd fyrir þá vinnu.

2. Sigrún Kristjánsdóttir biður um orðið. Hún talar fyrir Steinu Þóreyju sem er farin af fundinum. Hún les ályktun sem Steina Þórey er búin að setja saman um fækkun fæðingarstaða og sjúkdómsvæðingu fæðinga. Skapaðist þó nokkur umræða og voru fundarmenn almennt sammála ályktuninni efnislega en fannst hún of löng og textinn frekar óþjáll. Komst fundurinn að þeirri niðurstöðu að stjórn LMFÍ taki textann frá Steinu og vinni úr honum styttri og hnitmiðaðri ályktun (Sjá fylgiskjal 3).

12. Formannsskipti

Kjörstöðvum til kosningar formanns LMFÍ var lokað kl. 17:30. Niðurstöður lágu fyrir 17:54.



LJÓSMÆÐRAFÉLAG ÍSLANDS

(The Icelandic Midwives' Association)

Stofnað árið 1919

Formaður kjörnefndar, Margrét Guðmundsdóttir, fær orðið. Hún tilkynnir úrslit í formannskjöri LMFÍ. Kjörstaðir voru þrír: Reykjavík, 80 atkvæði, Akureyri 9 atkvæði og Neskaupsstaður 4 atkvæði. Atkvæðin féllu þannig:

Áslaug Valsdóttir: 71 atkv.

Hrefna Einarsdóttir: 22 atkv.

Esther Ósk Ármannsdóttir fráfarandi formaður félagsins fær orðið og býður ný kjörinn formann að taka við embættinu. Á táknrænan hátt afhendir hún Áslaugu fundarhamar félagsins og óskar henni alls hins góða.

Áslaug þakkar fyrir sig, segir þetta myndalegan hamar sem hún tekur við. Þakkar stuðninginn og hlakkar til að takast á við starfið. Óskar eftir opnum samskiptum. Langar til að kynnast félaginu.

Guðlaug óskar nýkjörnum formanni til hamingju og óskar nýkjörinni stjórn velfarnaðar. Segir 94. aðalfundi LMFÍ slitið kl. 18:00.

Fundarritarar.

Jóhanna Skúladóttir, Steina Þórey Ragnarsdóttir og Ásta Hlín Ólafsdóttir

Dagskrá eftir fundinn

1. Danssýningu. Bollytúttur úr Kramhúsinu dönsuðu og kenndu fundarmönnum smá spor.
2. Léttar veitingar í boði félagsins.

Fyrir fundinn með tölvupósti til félagsmanna var óskað eftir að félagsmenn tilkynntu þátttöku á fundinn með svarbréfi. Tuttugu og tveir félagsmenn svöruðu þessari beiðni. Skráður fjöldi fundarmanna í gestabók voru 59.

Fylgiskjal 1. Fundargögn 94. Aðalfundar Ljósmaðrafélags Íslands.

(<http://www.ljosmaedrafelag.is/um-felagid/vidburdir/nanar/5066/fundargogn-94.-adalfundar-ljosmaedrafelags-islands>)

Fylgiskjal 2. Ljósmaðrafélag Íslands, Ársreikningur 2012.

Fylgiskjal 3. Ályktun í kjölfar aðalfundar Ljósmaðrafélags Íslands.

(<http://www.ljosmaedrafelag.is/um-felagid/frettir/nanar/5071/alyktun-i-kjolfar-adalfundar-ljosmaedrafelags-islands>)